

**Ed.**

**382. Nefndarálit**

um frv. til laga um virkjun Efra-Sogsins.

Frá minni hluta fjárhagsnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Einn nefndarm. (IP) tjáði sig málinu mótfallinn, annar (MT) tjáðist eigi viðbúinn að taka afstöðu til frumvarpsins, en undirritaður telur þetta hið mesta nauðsynjamál og framfaramál, sem ætti að komast í framkvæmd sem allra fyrst. Legg ég til, að frv. verði samþykkt óbreytt, og mun færa frekari ástæður fyrir þessu í framsögu.

Alþingi, 19. ágúst 1931.

Jón Þorláksson.